

Fimmtudagur 29. maí 1986.

Nr. 99/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Hauki Ólafssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. febrúar sl. að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

I.

Mál þetta var höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum með ákæruskjali 7. september 1983 gegn ákærða Jóni Hauki Ólafssyni og öðrum manni. Var héraðsdómi, sem kveðinn var upp hinn 6. mars 1984, skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða Jóns Hauks og að því er hann einan varðaði. Með dómi Hæstaréttar 10. janúar 1985 var héraðsdómur ómerktur að því er ákærða varðaði og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Var málið síðan tekið fyrir í sakadómi í ávana- og fíkniefnum á ný hinn 30. janúar 1985 og dómur kveðinn upp 22. nóvember 1985 og hefur honum nú verið áfrýjað svo sem áður greinir.

Samkvæmt þessu leiðréttist ranghermi í upphafi héraðsdóms þar sem segir: „Málið, sem dómtekið var 11.11. sl., er höfðað að nýju með dómi Hæstaréttar ...“ o.s.frv.

II.

Staðfesta ber sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu til refsí-
ákvæða að því viðbættu að 5. gr. laga nr. 65/1974 var breytt með
lögum nr. 13/1985 og í stað reglugerðar nr. 390/1974 kemur nú
reglugerð nr. 16/1986. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin
fangelsi 4 mánuði.

Staðfest verða ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhalds-
vistar og um sakarkostnað, en úrlausn héraðsdóms um hann styðst
við 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 en eigi 140. gr. svo sem mis-
ritað er í dóminum. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunar-
kostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Haukur Ólafsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhalds og um
sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin
saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnar-
laun verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlög-
manns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. nóvember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 22. nóvember var háð dómþing sakadóms í ávana-
og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 115, Reykjavík,
af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og þá uppkveðinn
dómur í sakadómsmáli nr. 332/1985: Ákærvaldið gegn Jóni Hauki Ólafssyni.

Málið, sem dómtekið var 11.11. sl, er höfðað að nýju með dómi Hæsta-
réttar frá 10. janúar 1985 á hendur Jóni Hauki Ólafssyni, Bakkahvammi
6, Búðardal, fæddum í Reykjavík 20. febrúar 1948, fyrir að hafa um
miðjan desember 1982 keypt um 1465 g af hassi í Rotterdam ásamt Sigurði
Jóhanni Guðjónssyni, Mosgerði 17, Reykjavík, f. 27. febrúar 1944 og sent
það hingað til lands með m.s. Arnarfelli sem kom til Reykjavíkur 24. s.m.,
en efnið, sem var ætlað til sölu hér á landi, fannst við leit í farangurs-
afgreiðslu tollgæslunnar og lagði lögreglan hald á það.

Í ákæruskjali er þessi ætlaða háttsemi ákærða talin varða við 2. gr., sbr.
5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980,
sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu
og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Í niðurlagi ákæruskjals er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refs-
ingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindu
hassefni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglu-
gerðar nr. 390, 1974.

Verjandi gerir þær dómkröfur að ákærði verði sýknaður, en til vara að ákvörðun um refsingu verði frestað. Þá krefst hann málsvarnarlauna honum (sic) til handa.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt eftirfarandi refsingum.

— — —
[Í sakavottorði ákærða eru auk níu dómsátta tilfærðir refsidómar í fjórum málum, hinn síðasti dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 6. mars 1984 og dómur Hæstaréttar í sama máli 10. janúar 1985.]

Málsatvik:

7. janúar 1983 fannst ferðataska við leit með leitarhundi í farangursafgreiðslu tollgæslunnar, sem innihélt 1465 g af hassi. Þessi taska var merkt Jóni Hauki Ólafssyni Vesturbergi 78, Reykjavík. Hún hafði að geyma aðra tösku merкта Sigurði J. Guðjónssyni, Mosgerði 17, Reykjavík og var pakki í þeirri tösku, sem innihélt þetta hass.

Þessi ferðataska var send hingað til lands frá Hollandi með m/s Arnarfelli þ. 24. desember 1982.

Jón Haukur var handtekinn að heimili sínu daginn eftir. Á sama tíma hófst leit að Sigurði Jóhanni Guðjónssyni. Gaf hann sig fram við lögreglu tveim dögum síðar eða 10.1.

Sigurður Jóhann skýrði svo frá í yfirheyrslu að hann hafi sammælst við ákærða um innflutning á hassi í hagnaðarskyni. Hafi samkomulag orðið á milli þeirra að hann sjálfur sæi um hasskaupin ytra en ákærði kæmi síðan hassinu í íslenskt skip og veitti því viðtöku hingað komnu gegn 50.000 króna þóknun.

Sigurður Jóhann kvaðst hafa keypt farmiða fyrir þá báða. Fóru þeir til Kaupmannahafnar 11.12. 1982 og þaðan til Rotterdam 3 dögum síðar. Í Rotterdam kvaðst hann hafa keypt um 1½ kg af hassi á 9000 gyllini. Hann kvaðst sjálfur hafa pakkað inn hassinu og hafi ákærði verið viðstaddur og séð til hans er hann var að því. Hafi ákærði merkt sér ferðatöskuna að því loknu og farið með hana í skipaafgreiðsluna.

Hann kvað ákærða hafa farið í farangursafgreiðslu tollgæslunnar eftir komu hingað til lands að sækja töskuna, en honum þá tjáð að lögreglan væri búin að taka hana í sína vörslu.

Sigurður Jóhann kvað þá hafa fengið í ferðagjaldeyri fyrir ferðina 12.000 danskar krónur hvor. Hafi þeir skipt í Rotterdam þeim dönsku krónum sem þeir áttu eftir og fengið 10.000 gyllini fyrir samanlagt, en ákærði hafi afhent sér hans peninga fyrir efniskaupin. Hann kvaðst hafa skýrt ákærða frá efnismagninu eftir kaupin en ekki muna hvort hann sagði honum frá verði efnanna enda hafi ákærði vitað það nokkurn veginn.

Ákærði neitaði í fyrstu allri aðild að fíkniefnamisferli í þessari utanferð

þeirra og sætti hann fjögurra daga gæsluvarðhaldi við rannsókn málsins.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 12.1. 1983 viðurkenndi ákærði að hafa vitað að Sigurður Jóhann keypti um 1½ kg af hassi í Rotterdam í umræddri ferð, en neitaði því að honum hefði verið kunnugt um þennan tilgang ferðarinnar í upphafi. Hann sagðist hafa séð meðákærða ganga frá þessu hassi í ferðatösku, en sjálfur kvaðst hann hafa merkt sér þessa tösku, sem einnig hafi verið merkt Sigurði Jóhanni, og komið henni svo í skipaafgreiðslu í Rotterdam. Þá kvaðst hann hafa ætlað að sækja töskuna að beiðni Sigurðar Jóhanns í farangursafgreiðslu tollgæslunnar eftir komu hingað til lands en þá var hún komin í hendur lögreglu. Hann neitaði því að hafa átt að fá 50.000 krónur fyrir sinn þátt í brotinu frá Sigurði Jóhanni, en kvaðst hafa fengið frá honum loforð um atvinnu við leigubifreiðarakstur á kvaðst hans.

Ákærði kvað Sigurð Jóhann hafa greitt allan ferðarkostnað fyrir þá báða, fargjald, uppihald ytra og gjaldeyriskaup.

Við ákærubirtingu tók ákærði fram að hann hefði ekki farið í umrædda utanlandsferð í því skyni að kaupa hass. Hefði hans tilgangur með ferðinni verið að skoða vinnuvélar ytra. Hann mótmælti því að hafa sameiginlega staðið að þessum hasskaupum með Sigurði Jóhanni Guðjónssyni, því Sigurður Jóhann hefði einn keypt þetta hass og einn átt það. Sinn þátt í málinu kvað hann hafa verið að hann hafi sent þetta hass hingað til lands frá Hollandi og ætlað að sækja það í farangursafgreiðslu, en lögreglan þá verið búin að leggja hald á efnið.

Verjandi ákærða fór fram á framhaldsrannsókn í málinu með bréfi dags. 6. febrúar 1985, vegna staðhæfingar ákærða um að á meðan hann og Sigurður Jóhann dvöldust í Hollandi hafi Sigurður Jóhann tekið af honum vegabréfið og hann af þeim ástæðum ekki verið frjáls ferða sinna. Þá hafi Sigurður Jóhann hótad honum lífláti eftir komu til Íslands.

Sigurður Jóhann var af þessu tilefni yfirheyrður fyrir dómi 15. mars 1985. Kvað hann þessar fullyrðingar ákærða vera með öllu tilhæfulausar.

Í yfirheyrslu fyrir dómi 19. mars 1985 kvað ákærði það vera rangt, sem fram kemur í bréfi verjanda síns, að Sigurður Jóhann hafi hótad honum lífláti. Hann staðfesti sem fram kemur í bréfi verjanda síns að Sigurður Jóhann hafi tekið af honum vegabréf í Hollandi og bætti við að hann hafi tekið af honum alla peninga einnig.

Aðspurður kvað hann Sigurð Jóhann hafa gert þetta til að hefta ferðafrelsi hans og þvinga hann til þátttöku í umræddu fíkniefnabroti.

Ákærði staðfesti þennan framburð í sampröfun en Sigurður sagði hann vera hreina fjarstæðu. Hann kvaðst að vísu hafa fengið peninga hjá ákærða en hann kvaðst hafa átt þá peninga og ákærði hafi rétt honum þá af fúsum og frjálsum vilja.

Sýni af hassefninu, sem lögreglan lagði hald á í málinu, var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að sýnið væri kannabis og magn tetrahydriðrókannabinóls væri 67 mg/g.

Niðurstaða:

Sannað þykir með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi sent um 1465 g af hassi, sem var eign margnefnds Sigurðar Jóhanns Guðjónssonar, hingað til lands frá Hollandi, sem kom með m.s. Arnarfelli hingað til lands 24. desember 1982 og ætlað að sækja það í farangursafgreiðslu tollafgreiðslunnar, en lögreglan þá búin að leggja hald á efnið.

Ljóst er að samkomulag milli ákærða og Sigurðar Jóhanns var ekki gott meðan á utanferðinni stóð, en verður þó ekki talið í ljós leitt að ákærði hafi verið beittur nauðung við framkvæmd brotsins frá hendi Sigurðar Jóhanns eins og verjandinn heldur fram í sinni vörn.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Til frádráttar refsingu hans komi 4 daga gæsluvarðhaldsvist hans meðan á rannsókn málsins stóð.

Með vísan til 1. mgr. 140 (sic). gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Hassefnið hefur verið gert upptækt, sbr. sakadómsmál nr. 117-118, 1983.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, sæti fangelsi í 3 mánuði. Refsivist hans til frádráttar komi 4 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar af kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl.